

## REGLUGERÐ um flugumferðarþjónustu.

### 1. gr.

#### Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um sameiginlegar kröfur um veitingu flugumferðarþjónustu hér á landi með hliðsjón af alþjóðlegum reglum í þeim tilgangi að efla öryggi og skilvirkni þjónustunnar.

### 2. gr.

#### Gildissvið.

Reglugerðin tekur til flugumferðarþjónustu sem veitt er hér á landi, í lofthelgi Íslands og í því loftrými sem Íslandi hefur verið falin þjónusta í samkvæmt skuldbindingum og samningum á sviði þjóðaréttar.

### 3. gr.

#### Orðskýringar.

Í texta þessara reglna er hugtakið „þjónusta“ notað sem sértækt nafnorð er táknar starfsemi eða veitta þjónustu.

Þegar eftirfarandi orð eða orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér greinir:

**Aðflugsstjórnardeild** (*Approach control unit*): Deild sem veitir stjórnunni flugi, í að- og brottflugi til og frá einum eða fleiri flugvöllum, flugstjórnarþjónustu.

**Aðflugsstjórnarþjónusta** (*Approach control service*): Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

**Afhendingardeild** (*Transferring unit*): Sú flugstjórnardeild sem er við það að færa ábyrgðina á því að veita loftfari flugstjórnarþjónustu yfir á næstu flugstjórnardeild á flugleiðinni.

**AIRMET-upplýsingar** (*AIRMET information*): Upplýsingar sem gefnar eru út af aðalveðurstofu vegna sérstakra veðurfyrirbrigða eða væntanlegra veðurfyrirbrigða sem haft geta áhrif á öryggi loftfara í lægri flughæðum og voru ekki þegar meðfylgjandi í spá fyrir flug í lægri flughæðum innan viðkomandi flugupplýsingasvæðis eða undirsvæðis þess.

**Athafnasvæði** (*Movement area*): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

**Blindflug** (*IFR flight*): Flug samkvæmt blindflugsreglum.

**Björgunarmiðstöð** (*Rescue coordination centre*): Deild sem ber ábyrgð á að stuðla að skilvirkri skipulagningu leitar og björgunar og að samræma stjórnun við leit og björgun innan leitar- og björgunarsvæðis.

**Ferill** (*Track*): Leið loftfars miðuð við yfirborð jarðar, stefnan er venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttvísandi, misvísandi eða netstefnu).

**Flugheimild** (*Air traffic control clearance*): Heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum, sem flugstjórnardeild tilgreinir. Til hagræðis er hugtakið „flugheimild“ oft stytta í „heimild“ þegar það er notað í viðeigandi samhengi. Fyrir framan „heimild“ má setja orðin „aksturs-“, „flugtaks-“, „brottflygs-“, „leiðar-“, „aðflygs-“ eða „landingar-“ til að auðkenna þann hluta flugsins sem flugheimildin nær til.

**Flugmálalhandbók** (*AIP - Aeronautical information publication*): Handbók sem gefin er út í umboði ríkis og inniheldur varanlegar flugmálaupplýsingar sem nauðsynlegar eru við flugleiðsögu.

**Flugstjórnardeild** (*Air traffic control unit*): Almenn hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

**Flugstjórnarmiðstöð** (*Area control centre*): Deild sem veitir stjórnunni flugi í flugstjórnarsvæðum sem undir hana heyrir flugstjórnarþjónustu.

**Flugstjórnarrými/stjórnað loftrými** (*Controlled airspace*): Loftrými af tiltekinni stærð, þar sem flugstjórnarþjónusta er veitt samkvæmt flokkun loftrýmisins.

**Flugstjórnarsvið** (*Control zone*): Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.

**Flugstjórnarsvæði** (*Control area*): Flugstjórnarrými sem nær upp á við frá tiltekinni hæð yfir jörðu.

**Flugstjórnarsvæðisþjónusta** (*Area control service*): Flugstjórnarþjónusta sem veitt er stjórn-uðu flugi í flugstjórnarsvæðum.

**Flugstjórnarþjónusta** (*Air traffic control service*): Þjónusta veitt í því skyni að:

- 1) koma í veg fyrir árekstra:
  - a) milli loftfara, og
  - b) milli loftfara og hindrana á umferðarsvæði flugvallar;
- 2) flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð.

**Flugturn** (*Aerodrome control tower*): Deild sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.

**Flugumferðarþjónusta** (*Air traffic services; ATS*): Almenn hugtak sem táknar ýmist flug-upplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu eða flugstjórnarþjónustu, (flugstjórnar-svæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu).

**Flugupplýsingamiðstöð** (*Flight information centre*): Deild sem veitir flugupplýsinga- og viðbúnaðarþjónustu.

**Flugupplýsingasvæði** (*Flight information region*): Loftrými af skilgreindri stærð þar sem veitt er flugupplýsingaþjónusta og viðbúnaðarþjónusta.

**Flugupplýsingaþjónusta** (*Flight information service*): Þjónusta sem felst í ráðleggingum og upplýsingum sem stuðla að öryggi og hagkvæmni flugs.

**Flugvallarumferð** (*Aerodrome traffic*): Öll umferð á umferðarsvæði flugvallar og öll loftför á flugi í nánd við flugvöll. Loftfar telst vera í nánd við flugvöll þegar það er í umferðarhring flug-vallar, er að koma inn í hann eða er að fara út úr honum.

**Flugvarðstofa** (*Air traffic services reporting office*): Deild sem tekur við tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlunum fyrir brottför.

Ath. – Flugvarðstofa getur verið sérstök deild eða sameinuð annarri flugumferðarþjónustudeild eða deild úr upplýsingaþjónustu flugvalla.

**Flæðisstjórnun flugumferðar** (*Air traffic flow management*): Þjónusta sem er veitt með það að markmiði að stuðla að öruggu, skipulegu og hröðu flæði flugumferðar með því að tryggja að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt til hins ýtrasta og að umfang flugumferðar sé í samræmi við getuna sem viðeigandi þjónustuveitendur flugumferðar hafa gefið upp.

**Handbók flugumferðarþjónustu** (*Air traffic services Manual (ATS Manual)*): Handbók veitanda flugumferðarþjónustu (eða flugumferðarþjónustudeildar) sem inniheldur m.a. fyrirmæli og leiðbeiningar til starfsmanna um framkvæmd þjónustunnar. Handbók flugumferðarþjónustu er hluti af rekstrarhandbók veitanda flugleiðsöguþjónustu.

**Heimildarmark** (*Clearance limit*): Sá staður sem loftfar fær flugheimild til.

**Hlutaðeigandi veitandi flugumferðarþjónustu** (*Appropriate ATS authority*): Opinber aðili stofnun eða fyrirtæki sem tilnefndur hefur verið til að veita flugumferðarþjónustu í tilteknu loftrými. Í Flugmálhandbók Íslands eru birtar upplýsingar um tilnefnda veitendur flugumferðarþjónustu.

**Hættuástand** (*Emergency phase*): Yfirhugtak sem nær yfir *óvissuástand*, *viðbúnaðarástand* og *neyðarástand*.

**Lag** (*Level*): Almenn hugtak sem varðar lóðréttu stöðu loftfars á flugi og á ýmist við hæð, flughæð eða fluglag.

**Loftfar** (*Aircraft*): Sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

**Loftrými flugumferðarþjónustu** (*Air traffic services airspace*): Loftrými af tilgreindri stærð, merkt bókstöfum, og innan hvers tilgreindar tegundir flugs eru heimilaðar og mismunandi flugumferðarþjónusta og flugreglur gilda. ATS-loftrými er flokkað og merkt bókstöfunum A-G.

**Meginreglur mannþáttafræði** (*Human factors principles*): Meginreglur sem gilda um hönnun, vottun, hjálfun, rekstur og viðhald kerfa og miða að öruggri tengingu milli mannsins og annarra kerfisþátta með því að taka viðeigandi tillit til mannlegrar getu.

Aths. – Sjá nánar: ICAO DOC 9683 *Human Factors Training Manual*.

**Neyðarástand** (*Distress phase*): Ástand þegar víst þykir að alvarleg og yfirvofandi hættu steðjar að loftfari og þeim sem um borð eru, eða þeir þarfnast aðstoðar án tafar.

**Óvissuástand** (*Uncertainty phase*): Ástand þegar óvissa ríkir um öryggi loftfars og þá sem í því eru.

**Ráðgjafarþjónusta fyrir flugumferð** (*Air traffic advisory service*): Þjónusta veitt innan ráðgjafarrýmis til að tryggja aðskilnað, eins og við verður komið, milli loftfara sem fljúga skv. blindflugsáætlunum.

**Rekstraraðili** (*Operator*): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem starfrækir eða býðst til að starfrækja loftfar. Í flutningaflugi nefnist rekstraraðili flugrekandi enda byggist heimild hans til rekstursins á flugrekandaskírteini.

**Rekstrarhandbók** (*Operations manual*): Handbók veitanda flugleiðsöguþjónustu til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustunnar.

**Samningur um svæðisbundna flugleiðsögu** (*Regional air navigation agreement*): Þegar vísað er í samning um svæðisbundna flugleiðsögu í þessari reglugerð þá er átt við samning um skipulag flugleiðsögu í Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (NAT ANP, ICAO Doc 9634) og samning um búnað og þjónustu vegna flugleiðsögu í Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (NAT FASID, ICAO Doc 9635).

**Sérlegt sjónflug** (*Special VFR flight*): Sjónflug, sem flugumferðarstjórn heimilar í flugstjórnarsviði við veðurskilyrði sem eru verri en sjónflugsskilyrði.

**SIGMET** (*SIGMET information*): Viðvaranir gefnar út af aðalveðurstofu um hættuleg veðurfyribærni í lofti, raunveruleg eða spáð, sem ógnað geta öryggi loftfara.

**Sjónflug** (*VFR flight*): Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

**Sjónflugsskilyrði** (*Visual meteorological conditions*): Veðurskilyrði, sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð en eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.

**Stjórnað flug** (*Controlled flight*): Sérhvert flug sem er með flugheimild.

**Svæðisleiðsaga** (*Area navigation (RNAV)*): Flugleiðsaga sem gerir mögulega starfrækslu loftfars eftir hvaða flugleið (flugslóð) sem er innan drægis land- eða gervihnatta staðsetningarstöðva eða innan marka sem takmarkast af eigin staðsetningarbúnaði eða blöndu af þessum aðferðum. (Flugleiðsaga sem gerir mögulegt að beina loftfari eftir hvaða flugleið sem er án tillits til staðsetningar landstöðva, t.d. með aðstoð fjölstefnuvita og fjarlægðarvita, tregðuleiðsögukerfis, gervihnatta-leiðsögu eða gleiðbogaleiðsögu.)

**Umferðarsvæði** (*Manoeuvring area*): Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þó ekki hlöð.

**Varaflugvöllur** (*Alternate aerodrome*): Flugvöllur sem fljúga má til þegar ógerlegt eða óráðlegt er að halda áfram til eða lenda á þeim flugvelli þar sem áætlað var að lenda.

**Viðauki 11** (*Annex 11*): Þegar vísað er í viðauka 11 í reglugerð þessari þá er átt við viðauka 11 um flugumferðarþjónustu (Air Traffic Services) við stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um alþjóðlegt almenningflug (Convention on International Civil Aviation) (Chicago-samninginn),

**Viðbúnaðarástand** (*Alert phase*): Ástand þegar óttast er um öryggi loftfars og þá sem í því eru.

**Viðbúnaðarþjónusta** (*Alerting service*): Þjónusta sem tilkynnir viðeigandi stofnunum, þegar nauðsyn er leitar- og björgunaraðgerða vegna loftfara, og er til aðstoðar slíkum stofnunum eftir þörfum.

**Viðtökudeild** (*Accepting unit*): Sú flugstjórnardeild sem tekur næst við stjórn á loftfari.

#### 4. gr.

##### *Leiðbeiningarefni.*

Viða í reglugerð þessari er vísað til krafna og leiðbeiningarefnis í viðauka 11. Einnig er vísað í leiðbeinandi efni útgefið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og krafna og leiðbeiningarefnis Evrópustofnunar um öryggi í flugleiðsögu (EUROCONTROL). Leiðbeiningarefnið hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja þeim kröfum sem í reglugerð þessari er lýst eða er þeim til frekari uppfyllingar. Fylgja skal þessu leiðbeiningarefni til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar, nema til komi a.m.k. jafngildar aðferðir sem ekki eru taldar skerða flugöryggi að mati Flugmála-

stjórnar Íslands. Til að fá aðrar aðferðir samþykktar þarf viðkomandi að sýna fram á með fullnægjandi hætti að flugöryggi skerðist ekki og því til staðfestingar að leggja fram sérfræðiálit sem Flugmálastjórn Íslands metur viðunandi.

Helsta leiðbeiningarefni sem stuðst er við og vísað til um framkvæmd flugumferðarþjónustunnar:

1. Verklagsreglur flugleiðsöguþjónustu – rekstrarstjórnun flugumferðar (*ICAO PANS-ATM, Doc 4444*).
2. Svæðisbundnar verklagsreglur (*Regional Supplementary Procedures, ICAO Doc 7030*).
3. Verklagsreglur flugleiðsöguþjónustu – starfræksla loftfara (*ICAO PANS-OPS, Doc 8168*).
4. Verklagsreglur flugleiðsöguþjónustu – ICAO skammstafanir og kóðar (*ICAO PANS-ABC, Doc 8400*).
5. Notkun lágmarksaðskilnaðar innan Norður-Atlantshafssvæðis (*ICAO NAT ASM*).
6. Handbók um WGS-84 alþjóðalandmælingakerfið (*ICAO World Geodetic System – 1984 (WGS-84) Manual, Doc 9674*).
7. Handbók um samræmingu milli flugumferðarþjónustu, upplýsingaþjónustu flugmála og veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu (*Manual on Coordination between Air Traffic Services, Aeronautical Information Services and Aeronautical Meteorological Services, ICAO Doc 9377*).
8. Handbók um skipulagningu flugumferðarþjónustu (*Air Traffic Services Planning Manual, ICAO Doc 9426*).
9. Samningur um búnað og þjónustu vegna flugleiðsögu í Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*North Atlantic facilities and service implementation document, FASID, ICAO Doc 9635*).
10. Samningur um skipulag flugleiðsögu í Norður-Atlantshafssvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*North Atlantic Air Navigation Plan, ICAO Doc 9634*).
11. Ákvarðanir stjórnvalda um flug hervéla, framkvæmd heræfinga og loftrýmisgæslu.

#### 5. gr.

##### *Eftirlitsstjórnvald.*

Flugmálastjórn Íslands er tilnefnt stjórnvald sem fer með eftirlit, skv. reglugerð þessari, er lýtur að veitingu flugumferðarþjónustu á gildissviði reglugerðarinnar skv. 2. gr. Flugmálastjórn Íslands tilnefnir veitanda flugumferðarþjónustu sbr. reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu til þess að veita flugumferðarþjónustu innan tiltekinna loftrýmisumdæma.

Ákvarðanir og fyrirmæli Flugmálastjórnar Íslands skulu birt í Flugmálahandbók.

#### 6. gr.

##### *Handbækur.*

Veitanda flugumferðarþjónustu er skylt að gera handbók með leiðbeiningum til starfsmanna um framkvæmd þjónustunnar. Leiðbeiningarnar skulu vera hluti af rekstrarhandbók viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu. Fyrirmæli í handbók flugumferðarþjónustu binda viðkomandi flugumferðarþjónustu og starfsmenn hennar um framkvæmd þjónustunnar. Handbókin skal vera hlutað-eigandi starfsmönnum aðgengileg, heimilt er að hún sé á ensku. Breyting á handbók skal kynnt þeim starfsmönnum er hana varðar svo fljótt sem auðið er ásamt gildistöku breytinga. Um staðfestingu á handbók flugumferðarþjónustu og breytingar á henni fer skv. útgáfuskipulagi samþykktu af Flugmálastjórn Íslands.

#### 7. gr.

##### *Málskotsréttur.*

Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands sæta kæru samkvæmt almennum reglum stjórnarsýslulaga.

8. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

9. gr.

*Viðauki.*

Viðauki sem fylgir reglugerð þessari skal vera hluti hennar.

10. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari, viðauka hennar ásamt ákvæðum í handbókum veitanda flugumferðarþjónustu og með birtingu í Flugmálahandbók öðlast gildi hér á landi viðauki 11 um flugumferðarþjónustu við stofnsáttmála Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn).

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. október 2010.*

**Ögmundur Jónasson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI

**1. Þjónustusvæði.**

Flugumferðarþjónusta er veitt í lofthelgi Íslands og í því loftrými sem Íslandi hefur verið falin þjónusta í samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og samningum. Þjónustusvæðinu og skiptingu þess er nánar lýst í Flugmálahandbók. Þar er gerð nánari grein fyrir skiptingu loftrýmis og flokkun þess og hver beri ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar.

**2. Markmið flugumferðarþjónustu.**

Markmið með veitingu flugumferðarþjónustu er að:

- a) koma í veg fyrir árekstur loftfara,
- b) koma í veg fyrir árekstur loftfara og hindrana á umferðarsvæði,
- c) flýta og viðhalda skipulögðu flæði flugumferðar,
- d) veita ráðgjöf og upplýsingar til gagns fyrir örugga og skilvirka umferð loftfara,
- e) tilkynna viðeigandi aðilum um loftför í þörf fyrir leitar- og björgunaraðstoð og aðstoða slíka aðila eftir þörfum.

**3. Þjónustubættir.**

- 3.1 Flugumferðarþjónusta er yfirhugtak sem nær yfir flugupplýsingaþjónustu (þ.m.t. flugupplýsingaþjónustu á flugvelli, AFIS), viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu og flugstjórnarþjónustu. Flugstjórnarþjónusta skiptist í flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu.
- 3.2 Þörf fyrir flugumferðarþjónustu skal ákveðin með tilliti til mats á eftirfarandi þáttum:
  - a) tegund umferðar,
  - b) magni umferðar,
  - c) veðuraðstæðum, og
  - d) öðrum þáttum sem taldir eru skipta máli.
- 3.3 Flugmálastjórn Íslands ákveður stig þjónustu að fenginni tillögu hlutaðeigandi veitanda flugumferðarþjónustu að teknu tilliti til almennar stefnumótunar stjórnvalda á þessu sviði. [Nánari kröfur um verklag, skipulag og ábyrgð, þ.m.t. á flugvöllum og upplýsingar um þjónustustig og framkvæmd þjónustu, er að finna í Flugmálahandbók].

**4. Skipting loftrýmisins.**

Loftrýminu skal skipt og það flokkað í A til G svæði m.a. með tilliti til sjónflugs- og blindflugsreglna og mismunandi stigs þjónustu. Flugmálastjórn Íslands ákveður skiptinguna að fenginni tillögu hlutaðeigandi veitanda flugumferðarþjónustu og með hliðsjón af nánari leiðbeiningum í viðauka 11.

[Nánari upplýsingar um skiptingu loftrýmis, flokkun og þjónustu er að finna í Flugmálahandbók og handbók flugumferðarþjónustu].

**5. Flugleiðir og leiðsaga.**

- 5.1 Ákvörðun um flugleiðir, stöðumið og afmörkun þeirra og ákvörðun um lágmarksflughæð á flugleið eða í stjórnðu loftrými er hjá Flugmálastjórn Íslands að tillögu hagsmunaaðila, þ.m.t. veitanda flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila og annarra notenda. Ákvörðun Flugmálastjórnar skal taka mið af leiðbeiningum í viðauka 11 að teknu tilliti til krafna um starfrækslu loftfara eins og þær koma fram í reglugerð um flutningaflug flugvéla, reglugerð um almannaflug flugvéla og reglugerð um almannaflug þyrlna, að höfðu samráði við rekstraraðila loftfars ef eftir því er leitað.
- 5.2 Flugmálastjórn Íslands skal setja fram kröfur um hæfni sem forskriftir fyrir leiðsögu (RNAV-forskrift, RNP-forskrift, RCP-forskrift) með vísan í nákvæmni, heilleika, samfellu, tiltækleika og virkni sem nauðsynleg telst fyrir áformað flug innan ákveðins loftrýmis. Þegar kveðið er á um hæfisbundna leiðsögu á ATS-flugleið, blindaðflugsferli eða innan tilgreinds

loftrýmis skal það gert á grundvelli og með hliðsjón af svæðasamstarfi á Norður-Atlantshafinu.

- 5.3 Veitandi flugumferðarþjónustu skal í samráði við þar til bær yfirvöld setja verklagsreglur um flug hervéla í viðkomandi loftrými. Verklagsreglur þessar skulu byggja á samkomulagi milli Flugmálastjórnar Íslands og viðkomandi yfirvalda.  
[Nánari upplýsingar um flugleiðir og afmörkun þeirra, stöðumið, skiptipunkta, lágmörk, kröfur á einstökum leiðum eða svæðum, aðflugs- og brottflugsferla ásamt takmörkunum þar á er að finna í Flugmálahandbók].

## 6. Skipti upplýsinga.

- 6.1 Til að tryggja gæði og áreiðanleika upplýsinga sem áhrif geta haft á örugga starfrækslu flugs við undirbúning ferðar eða á meðan á henni stendur ber veitendum flugumferðarþjónustu að skiptast á upplýsingum er varða m.a. ástand tækjabúnaðar eða þjónustu og annað er haft getur áhrif á örugga starfrækslu loftfara. Veitandi flugumferðarþjónustu skal hafa samráð við viðkomandi aðila og yfirvöld eftir því sem tilefni gefur til, til að tryggja flæði upplýsinga um aðra starfsemi sem flugi getur stafað hættu af.
- 6.2 Við mikilvægar breytingar á leiðsögukerfum skal veitandi flugumferðarþjónustu gera ráð fyrir tímanlegri dreifingu upplýsinga um breytingar til notenda. Sérstaklega er mikilvægt að upplýsingar er lúta að breytingum á kortum eða tölvukerfum séu tilkynntar tímanlega ef þær þarf að setja inn í fyrirvaradreifingu (AIRAC) Flugmálahandbókar í samræmi við leiðbeiningar í viðbæti 5 við viðauka 11.
- 6.3 Veitandi flugumferðarþjónustu skal veita rekstraraðila loftfars aðgang að upplýsingum eða skeytum er lúta að starfrækslu loftfars á hans vegum, ef eftir því er leitað.

## 7. Veiting flugstjórnarþjónustu.

- 7.1 Flugstjórnarþjónustu skal veita í loftrými í samræmi við skilgreiningu eins og hún er birt í Flugmálahandbók.
- 7.2 Til þess að veitanda flugumferðarþjónustu sé fært að sinna skyldum sínum skal hann:
- fá upplýsingar um fyrirhugað flug loftfara ásamt breytingum þar á auk upplýsinga um raunverulega staðsetningu loftfarsins,
  - ákvarða, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, stöðu hvers þekkts loftfars með tilliti til annarra loftfara,
  - veita flugheimildir og upplýsingar í þeim tilgangi að hindra árekstur milli loftfara undir hans stjórn og til að hraða og viðhalda skilvirku flæði flugumferðar,
  - samræma heimildir eins og nauðsyn krefur við aðrar deildir:
    - þegar loftfari gæti stafað hættu af umferð undir stjórn slíkrar annarrar deildar, og
    - áður en stjórn loftfars færir yfir til slíkrar annarrar deildar.
- 7.3 Upplýsingar um hreyfingu loftfars, ásamt gögnum um flugheimildir þeirra skulu gerðar aðgengilegar til að auðvelda greiningu og viðhalda skilvirku flæði flugumferðar með fullnægjandi aðskilnaði milli loftfara.
- 7.4 Veitandi flugumferðarþjónustu skal eiga samstarf og samvinnu við nærliggjandi svæði m.a. um flæðisstjórnun flugumferðar til að ná markmiðum greinar 2 og til að auka öruggi, skilvirkni og hagkvæmni þjónustunnar. Um slíkt samstarf og verklag fer skv. handbók þjónustunnar.
- 7.5 Flug loftfars um stjórnað loftrými getur aðeins lotið stjórn einnar flugstjórnardeildar hverju sinni.  
[Nánari kröfur um ábyrgð á stjórn flugumferðar og breytingu þar á er að finna í handbók flugumferðarþjónustu].

## 8. Aðskilnaður.

- 8.1 Veitandi flugumferðarþjónustu skal ákveða hvaða reglur um lágmarksaðskilnað skal nota milli loftfara innan þess svæðis sem hann fer með þjónustu í, með hliðsjón af alþjóðlegum reglum eins og þær kom fram í leiðbeiningarefni sem vísað er til í 4. gr. reglugerðar þessarar.

- 8.2 Flugheimild sem flugstjórnardeild gefur út skal tryggja aðskilnað milli:
- allra loftfara í loftrými í flokki A og B,
  - loftfara í blindflugi (IFR) í loftrými C, D og E,
  - loftfars í blindflugi (IFR) og loftfars í sjónflugi (VFR) í loftrými C,
  - loftfars í blindflugi og loftfars í sérlegu sjónflugi (SVFR),
  - loftfara í sérlegu sjónflugi þegar þannig er mælt fyrir um af veitanda flugumferðarþjónustu,
- nema í tilviki b-liðar að ofan, þegar þess er óskað af stjórnanda loftfars og þannig fyrir mælt af veitanda flugumferðarþjónustu í loftrýmisflokkum D og E að heimila má flug án þess að tryggður sé aðskilnaður vegna hluta leiðarinnar þar sem flogið er í sjónflugsskilyrðum.
- 8.3 Flugstjórnardeild skal tryggja lágmarksaðskilnað með a.m.k einni af eftirfarandi aðferðum:
- hæðaraðskilnaði (*vertical separation*), með því að ákveða mismunandi fluglag hvers loftfars í samræmi við töflu yfir fluglög eins og hún er birt í viðbæti við reglugerð um flugreglur eða samkvæmt breytingum á henni ef sú breyting hefur verið kynnt í Flugmálaláhandbók eða má ráða af flugheimild;
  - láréttum aðskilnaði (*horizontal separation*), með því að tryggja:
    - lengdaraðskilnaði (*longitudinal separation*) milli loftfara á sömu ferlum, andstæðum ferlum eða ferlum sem skerast í sama punkti, mælt í tíma eða fjarlægð eða;
    - hliðaraðskilnaði (*lateral separation*) með því að halda loftförum á aðgreindum flugleiðum eða með landfræðilegri aðgreiningu;
  - samsettum aðskilnaði (*composite separation*) sem er blanda af hæðaraðskilnaði og einni gerð aðskilnaðar sem kveðið er á um í b-lið þar sem stuðst er við lágmark fyrir hverja gerð aðskilnaðar sem er þó ekki lægri en helmingi minni en sá aðskilnaður sem stuðst er við þegar stuðst er við hverja gerð eina sér. Samsettum aðskilnaði skal aðeins beitt á grundvelli samninga um svæðisbundna flugleiðsögu.
- 8.4 Í loftrými þar sem stuðst er við minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað (RVSM) skal koma á eftirliti með getu loftfara til að halda réttri hæð til að tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við öryggismarkmið.
- 8.5 Veitandi flugumferðarþjónustu skal skilgreina aðskilnaðarreglur og notkun þeirra í handbók flugumferðarþjónustu og tryggja að þær séu birtar í Flugmálaláhandbók eftir því sem við á.

## 9. Flugheimild.

- 9.1 Flugstjórnarþjónustudeild ber að veita flugheimildir til að tryggja aðskilnað milli loftfara í samræmi við skilgreiningu þess loftrýmis sem flogið er í og tegund flugs.
- 9.2 Í flugheimild skal koma fram:
- kallmerki loftfars eins og það liggur fyrir í flugáætlun,
  - heimildarmark,
  - flugleið,
  - flughæð alla flugleiðina eða á einstökum hlutum hennar ásamt breytingum á hæðum ef þörf krefur, og
  - öll nauðsynleg fyrirmæli eða upplýsingar er lúta að öðrum þáttum t.d. vegna flugbragðs við aðflug eða brottflug, fjarskipta eða vegna takmarkana á gildistíma heimildarinnar.
- 9.3 Skýlt er að lesa flugheimild til baka sem veitt hefur verið um fjarskiptarásir. Þetta á þó ekki við þegar heimildir eru sendar með gagnasambandi nema viðkomandi veitandi flugumferðarþjónustu kveði á um annað.
- 9.4 Loftfar skal fá flugheimild sem tekur til allrar leiðarinnar til flugvallar á áfangastað, þegar:
- hægt hefur verið fyrir brottför, að samræma heimildir milli allra flugstjórnardeilda á leið loftfarsins, eða
  - fyrir liggja raunhæfar væntingar um að slík samræming muni nást tímanlega.
- 9.5 Ef samræming sem kveðið er á um hér að ofan næst ekki eða liggur ekki fyrir, skal loftfarið fá heimild til þessa staðar á leiðinni þar sem sú samræming hefur verið tryggð tímanlega. Áður eða þegar að þeim stað er komið skulu liggja fyrir frekari heimildir eða fyrirmæli um biðflug.



- 9.6 Í samræmi við fyrirmæli hlutaðeigandi veitanda flugumferðarþjónustu skal loftfar hafa samband við næstu flugstjórnardeild á leiðinni til að óska áframhaldandi heimilda áður en komið er að afhendingarstað flugstjórnar. Loftför skulu viðhalda tviátta fjarskiptasambandi við afhendingardeild meðan aflað er áframhaldandi heimilda. Flugheimild vegna áframhaldandi flugs skal vera sérgreind sem slík.
- 9.7 Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að upplýsingar um starfsreglur flugumferðarþjónustu séu birtar í Flugmálalhandbók eftir því sem við á.  
[Nánari kröfur um flugheimildir, afhendingu ábyrgðar og vinnuaðferðir við stjórn flugumferðar þ.m.t. notkun hugtaka er að finna í handbók flugumferðarþjónustu].

## 10. Flugupplýsingaþjónusta.

- 10.1 Flugupplýsingaþjónusta skal starfrækt innan skilgreinds svæðis sem hluti af flugumferðarþjónustu. Flugupplýsingaþjónusta ber ábyrgð á miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugumferðarþjónustu.
- 10.2 Flugupplýsingaþjónusta skal tryggja að flugupplýsingar og/eða gögn sem veitt eru um íslenska flugupplýsingasvæðið, sem og önnur svæði sem íslenska ríkið ber ábyrgð á utan eigin lofthelgi, séu rétt og uppfylli skilyrði um gæði og tímanleika. Til staðar skal vera fyrirkomulag sem tryggir tímanlega veitingu á umbeðnum upplýsingum og/eða gögnum til flugupplýsingaþjónustu frá hendi hvernar þjónustu á Íslandi sem tengist flugrekstri.
- 10.3 Flugupplýsingaþjónustu skal veita loftförum sem líklegt er að upplýsingarnar varði og sem:
- njóta flugstjórnarþjónustu, eða
  - sem þekktar eru af viðkomandi flugumferðarþjónustudeild.
- 10.4 Flugupplýsingaþjónusta skal m.a. dreifa eftirfarandi upplýsingum um:
- gild SIGMET og AIRMET,
  - eldgos og eldgosahættu, þ.m.t. um dreifingu öskuskýja,
  - dreifingu á geislavirkum eða hættulegum efnum í andrúmsloftinu,
  - breytingar á þjónustustigi leiðsögubúnaðar,
  - breytingar á ástandi flugvalla og tengds búnaðar eða aðstöðu þ.m.t. upplýsingar um ástand athafnasvæðis flugvalla vegna vetraraðstæðna eða mikillar úrkomu,
  - mannlausa loftbelgi, og
  - allar aðrar upplýsingar sem líklegar eru til að hafa áhrif á örugga starfrækslu loftfars.
- 10.5 Flugupplýsingaþjónusta skal að auki veita upplýsingar um:
- veður tilkynnt eða spáð á brottfararstað, ákvörðunarstað eða varaflugvelli,
  - árekstrarhættu fyrir loftför sem starfrækt eru í loftrýmisflokkum C, D, E, F og G,
  - fyrir flug yfir hafi eða vatni, að því marki sem gerlegt er og samkvæmt beiðni flugmanns, aðgengilegar upplýsingar um kallmerki, stöðu, feril og hraða skipa á svæðinu.
- 10.6 Veitandi flugumferðarþjónustu skal skilgreina starfsreglur flugupplýsingaþjónustu í handbók flugumferðarþjónustu og tryggja að viðeigandi upplýsingar séu birtar í Flugmálalhandbók eftir því sem við á, þ.m.t. um sjálfvirka dreifingu upplýsinga.

## 11. Ófyrirsjáanlegar aðstæður.

Veita skal loftförum í neyð, þ.m.t. þeim sem sæta ólögmætum afskiptum, aðstoð og forgang umfram aðra umferð eins og aðstæður leyfa. Viðbrögð og verklag sem tekur mið af viðauka 11 skal skilgreint í handbók flugumferðarþjónustu.

## 12. Viðbúnaðarþjónusta.

- 12.1 Veita skal viðbúnaðarþjónustu vegna loftfars sem:
- nýtur flugstjórnarþjónustu,
  - hefur lagt inn flugáætlun eða sem vitað er um af viðkomandi flugumferðarþjónustu að því marki sem það er gerlegt, og
  - vitað er eða fullvíst er talið að sæti ólögmætum afskiptum.

- 12.2 Tilkynna skal viðeigandi stofnunum eða aðilum, sbr. reglugerð um leit og björgun, þegar nauðsyn er leitar- og björgunaraðgerða vegna loftfara, og vera þeim til aðstoðar eftir því sem þörf krefur.
- 12.3 Veitandi flugumferðarþjónustu skal halda utan um upplýsingar og veita aðstoð vegna loftfara sem þurfa á viðbúnaðarþjónustu að halda eða sem falla undir aðstæður sem kveðið er á um í grein 11 í því loftrými og svæði sem reglugerðin tekur til.
- 12.4 Veitandi flugumferðarþjónustu skal skilgreina starfsreglur um viðbúnaðarþjónustu í handbók flugumferðarþjónustu og tryggja að upplýsingar þar að lútandi séu birtar í Flugmálalhandbók eftir því sem við á.

### **13. Varðveisla gagna.**

- 13.1 Geyma skal fluggagnaræmur sem og önnur samskiptagögn flugumferðarþjónustu á pappír eða stafræn. Þegar þörf er á sjálfvirkum gagnasamskiptum í flugumferðarþjónustu skal viðeigandi búnaður til sjálfvirkrar skráningar, afritunar eða upptöku, vera til staðar.
- 13.2 Kögunargögn frá frumratsjár- og svarratsjárþúnaði og öðrum kerfum (þ.m.t. ADS-B, ADS-C) sem notuð eru við flugumferðarþjónustu skal geyma með sjálfvirkum aðferðum til nota við rannsóknir flugslysa og atvika, leit og björgun, mat á kerfum sem notuð eru í flugumferðarstjórn og kögun, og við þjálfun starfsmanna.
- 13.3 Þar sem aðstæður krefjast, skal nota aðskildar fjarskiptarásir við stjórnun ökutækja á umferðarsvæði flugvalla. Í þeim tilvikum skal búnaður til sjálfvirkrar upptöku að vera til staðar.
- 13.4 Geyma skal gögn skv. 13.1 – 13.3 að lágmarki í 30 daga. Þegar skráning, afritun eða upptaka, skiptir máli vegna rannsóknar slyss eða atviks skal geyma hana lengur eða þar til ljóst er að ekki er þörf fyrir hana lengur.
- 13.5 Að öðru leyti fer um að aðgang að gögnum, geymslu þeirra og meðferð samkvæmt lögum um persónuvernd, lögum um rannsóknir flugslysa og lögum um fjarskipti.